

## Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2017, þriðjudaginn 14. nóvember, var haldinn 144. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði og hófst fundurinn kl. 17:05. Viðstödd voru Sigurður Hólm Gunnarsson, Elísabet Gísladóttir, Gísli Rafn Guðmundsson og Guðbrandur Guðmundsson. Einnig sátu fundinn Mínerva Sveinsdóttir, áheyrnarfulltrúi Korpúlfa, Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallavina, Árni Guðmundsson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Grafarvogs og Stefán Garðarsson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Bryggjuhverfis. Ásamt þeim sátu Sara Ósk Rodriguez Svöndóttir verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði, Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs og Margrét Richter deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá foreldrafélags Húsaskóla, dags. 27. september 2017, varðandi skólalóð Húsaskóla.
2. Fram fer umræða um leikskólamál og lokanir vegna manneklu.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs lýsir yfir áhyggjum yfir stöðu mála í leikskólum borgarinnar. Mönnun hefur víða gengið illa og hefur slæm áhrif á faglegt starf. Flótti er úr starfstétt leikskólakennara sökum lágra launa og hrun hefur orðið í fjölda útskrifaðara leikskólakennara. Hverfisráðið hvetur borgaryfirvöld til að leita allar leiða til úrbóta. Allir borgarbúar vilja faglegt og gott leikskólastarf. Slíkt starf byggist á hæfu starfsfólki sem sem sinnir starfi sínu af metnaði fyrir eðlileg laun. Fólk er jafnframt sammála um að leikskólagjöld megi ekki hækka því foreldrar ungra barna muni um alla hækkun. Það þarf að viðurkenna hvað gott starf kostar og borgin þarf að nýta alla sína tekjustofna til að halda uppi því góða starfi sem allir borgarbúar krefjast.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallavina leggur fram svohljóðandi bókun:

Mönnunarvandamál við leiksskólann Sunnufold má klárlega rekja meðal annars til þeirra ákvörðunar að sameina þrjá leikskóla í einn og setja/láta einn skólastjóra í þá stöðu að vera einn að stýra þremur leikskólum. Erfitt er fyrir skólastjóra að vera til staðar fyrir starfsfólk og foreldra sem gerir Sunnufold minna aðlaðandi sem vinnustaði fyrir lærða leiksskólakennara sem og annað starfsfólk.

Helgi Þór Guðmundsson fulltrúi frá foreldrafélagi Sunnufold tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lögð fram útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs frá 11. október 2017 varðandi aðalskipulag Reykjavíkur 2019-2030 efnavinnslusvæði í Álfnesi.
4. Lagt fram bréf borgarritara, dagsett 1. nóvember 2017, um stofnun hverissjóðs – Samráð við hverfisráð.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs fagnar því að stofnaður verður hverfissjóður.

- Kl 17:52 tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.

5. Lögð fram styrkumsókn uppá 150.000 kr. frá menningarnefnd Korpúlfa fyrir ljóðanámskeið.  
Samþykkt.
6. Fram fer umræða um grein sem birtist í mbl.is „Meti hvort moltan þurfi í umhverfismat“ sem er um mengun frá Íslenska gámafélaginu, dagsett 11. nóvember 2017.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráði Grafarvogs hafa borist mörg erindi vegna ólyktar frá vinnslu úrgangs á vegum Íslenska gámafélagsins í Gufunesi. Hverfisráð skorar á borgaryfirvöld að bregðast hratt við og stöðva þessa vinnslu þar til ásættanleg lausn finnst á þeirri lyktarmengun sem er til staðar. Það er ekki ásættanlegt að íbúar borgarinnar búi við svo megni lyktarmengun.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga hverfisráðs:

Á fundi hverfisráðs Grafarvogs þann 14.febrúar 2017 var samþykkt af öllum fulltrúum ráðsins tillaga þess að Hallsvegur verði nú framvegis nefndur Fjölnisbraut og tillögu þeirri vísað til borgarráðs og leitað til Borgarstjórnarfulltrúa að verða við ósk hverfisráðsins. Í ljósi þess að nafnanefnd hafnaði tillögu hverfisráðs Grafarvogs sem send var á umhverfis- og skipulagsráð óskar hverfisráð Grafarvogs nú eftir við borgarráð Reykjavíkurborgar að verða við tillögunni og skipta um nafn á götu í hverfinu þ.e. „Hallsvegur“ verði framvegis nefndur „Fjölnisbraut“. Vegur þessi tengir saman stóran hluta Grafarvogs við helstu íþrótta- og frístundamannvirki hverfisins. Meðal annars liggur vegur þessi meðfram keppnisíþróttavelli og sundlaug við Dalhús og leggur leið að hinni glæsilegu Egilshöll og einnig að frístundasvæðinu við Gufunes. Það er því kjörið að vegur þessi hafi tengingu í stolt Grafarvogs þ.e. ungmennafélagið Fjölni.

Greinargerð fylgir tillögunni.

8. Lögð fram svohljóðandi Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Á íbúafundi Grafarvogs með Borgarstjóra 25.september sl. tilkynnti borgarstjóri fundargestum að málningin væri að þorna á nýjum Fjölnislituðum bekkjum sem ætti að setja við íþróttamannvirki við Dalhús og kosið hafði verið um í íbúakosningunni hverfið mitt 2016. Nú er því spurt tveimur mánuðum síðar, er málningin ekki að verða þornuð og hvenær mun þessi nýji Fjölnislitaði bekkur verða settur upp í Grafarvöginum?

9. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Óskað er eftir upplýsingum um hvenær nýja vatnsrennibrautin sem kosin var í íbúakosningunni hverfið mitt árið 2016 verði komin upp við sundlaug Grafarvogs og hvenær íbúar hverfisins geti byrjað að njóta og nýta þá skemmtilegu viðbót sem íbúarnir kusu.

**Fundi slitið kl. 18:30**

Sigurður Hólm Gunnarsson

Herdís Anna Þorvaldsdóttir  
Elísabet Gísladóttir

Guðbrandur Guðmundsson  
Gísli Rafn Guðmundsson